
LANDAFRÆÐI TÓNLISTARINNAR

Kennsluleiðbeiningar og verkefni

Ívar Sigurbergsson



Landafraeði tónlistarinnar

Framandi tónlist og menning ýmissa landa

Landafraeði tónlistarinnar

Námssefnið sem hér er sett fram heitir Landafraeði tónlistarinnar og er hugsað fyrir grunnskólanemendum. Markmiðið er að kynna fyrir íslenskum nemendum menningu og tónlist sem er þeim fræðandi. Áhersla er lögð á að kynna ekki bara tónlistina heldur einnig það menningarlega samhengi sem tónlistin er sprottin úr.

Norður-Ameríka, Suður-Ameríka, Evrópa, Afrika, Asia, Ástralía, Suðurskautslandið



NÁMSGAGNASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

Inngangur	4
Verkefnavinna og kennsluaðferðir	4
Hverjum er námsefnið ætlað?	4
Verkefnavinna	4
 Gríska eyjan Krít	6
Inngangur	6
Fróðleikur	6
Tilhögun kennslu	6
Hljóðfæraleikur	8
Til upprifjunar	8
Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um Krít	9
 Indland	11
Inngangur	11
Fróðleikur	11
Tilhögun kennslu	11
Hljóðfæraleikur	13
Til upprifjunar	13
Verkefni með myndbúti 1 sem fjallar um Indland	14
Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um indverska tónlist	16
 Kína	17
Inngangur	17
Fróðleikur	17
Tilhögun kennslu	17
Hljóðfæraleikur	19
Til upprifjunar	19
Verkefni með myndbúti 1 sem fjallar um Kína	20
Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um kínverska tónlist	21

Spánn – Andalusía og flamenco-tónlist	22
Inngangur	22
Fróðleikur	22
Tilhögun kennslu	22
Verkefni	23
Hljóðfæraleikur	24
Til upprifjunar	24
Verkefni með myndbúti 1 sem fjallar um Andalusíu	25
Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um Flamenco	26
 Túnis	 27
Inngangur	27
Fróðleikur	27
Tilhögun kennslu	27
Hljóðfæraleikur	29
Til upprifjunar	29
Verkefni með myndbúti um Túnis	30
 Tyrkland	 31
Inngangur	31
Fróðleikur	31
Tilhögun kennslu	31
Hljóðfæraleikur	33
Til upprifjunar	34
Verkefni með myndbúti 1 sem fjallar um Tyrkland	35
Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um tyrkneska tónlist	36
 Heimildir	 37

LANDAFRÆÐI TÓNLISTARINNAR

Kennsluleiðbeiningar og verkefni

Inngangur

Landafræði tónlistarinnar er hugsað sem námsefni fyrir grunnskólanemendur á mið- og unglingastigi. Markmiðið með verkefninu er að kynna fyrir íslenskum nemendum menningu og tónlist sem er þeim framandi. Samkvæmt drögum að *Aðalnámskrá grunnskóla 2012* (List- og verkgreinar, bls. 14) er ætlast til að við lok 10. bekkjar geti nemendur „greint og útskýrt ólík tónlistarstílbrigði, hljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi“.

Hér er um að ræða námsefni á vef sem er ætlað að samþætta þrjár námsgreinar; tónmennt, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Námsefnið ætti því að nýtast við kennslu í þessum þremur námsgreinum og jafnvel fleirum. Þau lönd sem fjallað er um eru Indland, Kína, Spánn, Túnis, gríska eyjan Krít og Tyrkland.

Þegar tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum er kynnt fyrir nemendum er mikilvægt að fjalla um hana í tengslum við það menningarlega umhverfi og samfélag sem hún er sprottin úr. Þá ná nemendur frekar að tengja við fyrri reynslu og þá þekkingu sem fyrir er. Landafræði tónlistarinnar er tilraun til að setja fram lífandi umfjöllun þar sem stuðst er við myndefni og hljóð.

Í námsefninu er bæði hægt að lesa texta og hlusta á hann lesinn. Þar eru til dæmis myndskreið með tali þar sem svo til allur texti vefsíðna er lesinn inn. Með því að bjóða upp á tal er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda, ekki hvað síst þeirra sem eiga við lestrarörðugleika að stríða.

Í framsetningu námsefnisins er lögð áhersla á upplifun, innsæi og skilning nemenda með það að leiðarljósi að tengja saman tónlistina og menninguna sem ól hana af sér.

VERKEFNAVINNA OG KENNSLUAÐFERÐIR

Hverjum er námsefnið ætlað?

Vefurinn Landafræði tónlistarinnar getur nýst við kennslu frá 4. bekk og upp í 10. bekk grunnskóla. Námsefnið er hægt að nota sem kynningu á tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum í 4. til 5. bekk en þau verkefni sem fylgja eru frekar ætluð nemendum í 6. til 10. bekk.

Verkefnavinna

Á vefnum Landafræði tónlistarinnar eru nokkur vefrallý sem eiga að hjálpa eða auðvelda nemendum að tileinka sér það efni sem þar er að finna. Vefrallý þjálfar nemendur að afla sér heimilda með aðstoð netsins og byggist upp á spurningum sem þeir eiga að leita svara við (Starr, Linda. 1999).

Notkun vefrallýs snýst fyrst og fremst um að fá nemendur til að kafa sjálfa í námsefnið og öðlast þannig innsýn og skilning á viðfangsefninu. Svör við verkefnum eru að finna á læstu svæði kennara á vef Námsgagnastofnunar (www.nams.is).

Þegar nemendur hafa farið í gegnum vefrallýði eiga þeir að leysa verkefni sem eru sett fram í formi vefleiðangurs. Vefleiðangur er leitarnám sem snýst um að nota netið og fleiri miðla til að safna saman upplýsingum og leysa ákveðið verkefni. Hugmyndafræðin byggir á hugsmíðahyggju en með henni er átt við að nemendur læri með því að tengja nýjar upplýsingar við fyrri þekkingu (Doolittle, Peter E. 1999). Því er mikilvægt að nemendur læri um framandi tónlist með því að staðsetja hana og tengja við það umhverfi sem hún er sprottin úr.

Vefleiðangurinn sem fylgir Landafræði tónlistarinnar er ætlaður nemendum frá 6. til 10. bekk. Samkvæmt hæfniviðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla* við lok 10. bekkjar eiga nemendur að geta nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit og beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra. (*Drög að Aðalnámskrá grunnskóla 2012*. Upplýsinga- og tæknimennt, bls. 5.)

Í vefleiðangrinum fá nemendur það verkefni að útbúa ferðakynningu fyrir ferðapjónustu sem ætlar að kynna ferð til þeirra landa sem fjallað er um. Í ferðinni er lögð sérstök áhersla á að kynna tónlist og menningu landanna. Ferðakynningin á að vera í formi kynningarbæklings, myndbands eða vefsíðu. Nemendur setja sig í spor auglýsingahönnuða og þurfa um leið að afla sér upplýsinga um löndin. Þeir geta valið að vinna verkefnið á mismunandi hátt og í mismunandi forritum. Vefleiðangur er nokkurs konar þrautalausnarnám sem minnir á hugmyndafræðina að baki lausnarleitarnámi sem á ensku er kallað *Problem-Based Learning* en það snýst um að nemendur fá í hendur raunveruleg verkefni sem þeir þurfa sjálfir að finna lausn á (Þórunn Óskarsdóttir. 2000).

GRÍSKA EYJAN KRÍT

Inngangur

Gríska eyjan Krít er stærsta eyjan í gríska eyjaklasanum og hefur verið leiðandi í tónlist og á ýmsum öðrum sviðum í grískri menningu í gegnum aldirnar. Höfuðborgin heitir Heraklón eða Iraklio á grísku og vestan við hana eru strandbæirnir Rethymon og Chania sem sumir Íslendingar þekkja ef til vill. Þessir staðir hafa verið vinsælir áfangastaðir sólþyrstra Íslendinga í gegnum árin.

Fróðleikur

Vísbendingar um mannvist á Krít má rekja aftur til nýsteinaldar eða um 6000 f.Kr. Krít á sér því afar langa og farna sögu og gegnir einnig mikilvægu hlutverki í grískri goðafræði en sagnir herma að æðsti guðinn Seifur hafi fæðst á eyjunni. Krítversk tónlist og menning hefur í gegnum tíðina orðið fyrir áhrifum frá ýmsum menningarsamfélögum eins og til dæmis býsanska heimsveldinu, Feneyingum og Tyrkjum. Þó svo Grikkland tilheyri Evrópu þá liggja landamærin að Asíu og hefur landið því orðið fyrir talsverðum áhrifum af austurlenskum menningarstraumum. Eyjan Krít er ágætt dæmi um hvernig tónlist og menning við Miðjarðarhafið hefur þróast í gegnum aldirnar.

Tilhögun kennslu

Áhrifaríkt gæti verið að hefja kennsluna um Krít á því að skapa gríska stemningu og spila gríska tónlist. Einnig væri við hæfi að hengja upp veggspjöld eða hafa uppi við hluti sem tengjast Grikklandi. Slíkt gæti virkað sem kveikja og auðveldað nemendum að tengjast umfjöllunarefninu.

Kennari kynnir námsefnið fyrir nemendum með því að opna vefsíðuna um Krít og sýna valda þætti.

Sem kveikju er gott að láta nemendur skoða myndbútana tvo sem fylgja vefnum um Krít. Í myndbúti 1 eru sýndar myndir frá Krít ásamt tónlist og dönsum í flutningi krítverskra tónlistarmanna og dansara. Eftir að hafa horft á myndbút 1 mætti spyrja nemendur hvað þeim finnst um krítverska dansa og hvað sé líkt eða ólíkt með krítverskum dönsum og þeim sem þeir þekkja. Í myndbúti 2 er almenn umfjöllun um Krít og krítverska tónlist og menningu ásamt fjölda mynda. Í honum er svo til allur texti vefsíðunnar um Krít lesinn. Eftir að hafa horft á myndbút 2 mætti spyrja nemendur:

- Hvernig er gríski fáninn á litinn? (Hvítur og blár.)
- Hvaða þekkta lag var samið á Krít og er í samnefndri kvikmynd? (Zorba.)
- Hvað einkennir landslag á Krít? (Mjög hálent.)
- Hvað heitir höfuðborgin á Krít? (Heraklón.)
- Hvað heitir þekktasta hljóðfærið í krítverskri tónlist? (Lýra.)

Myndbúti 2 fylgir verkefnablað með spurningum sem nemendur geta svarað þegar þeir horfa aftur á myndefnið.

Á vefnum er kort af Krít þar sem hægt er að smella á fræga sögustaði eins Knossos og Festos en þar hafa fundist mjög áhugaverðar fornminjar.

Nú er komið að nemendum að kynna sér sjálfir efnið á vefnum. Í vefrallýi eru nokkrar spurningar um Krít en svörin er að finna á vefnum. Nemendur geta unnið vefrallýið einstaklingslega eða tveir til þrír saman, æskilegast að þeir séu þó ekki fleiri en þrír. Spurningarnar er hægt að prenta út en svörin er að finna á læstu svæði kennara á vef Námsgagnastofnunar (www.nams.is).

Undir tenglinum **Nótur og undirspil** eru nótur af lagi í grískum stíl og einnig fylgir með undirspil þar sem nemendur geta spilað með á klukkuspil og önnur ásláttarhljóðfæri.

Á síðunni er tengill sem nefnist **Krítversk hljóðfæri** en þar geta nemendur lesið um og hlustað á öll helstu hljóðfæri sem notuð eru í krítverskri tónlist. Í tengslum við þessa síðu er hægt að láta nemendur velja sér eitt hljóðfæri og skrifa um það og teikna. Þetta geta verið einstaklings- eða tveggja manna verkefni. Nemendur setja verkefnið í vinnubók eða vinna það á karton sem er síðan hengt upp á vegg. Þá er tilvalið að láta þá kynna það hljóðfæri sem þeir völdu sér. Ef kennarinn vill láta kynna öll hljóðfærin sem eru á vefsíðunni getur hann skipt þeim á milli nemenda.

Undir sama tengli er vísað á nokkur myndskreið með krítverskri tónlist og tilvalið að sýna bekknum eins og eitt eða tvö slík. Þegar nemendur hafa hlustað er hægt að biðja þá að segja hvað þeim finnst um þessa tónlist. Hver nemandi getur valið eitt orð, til dæmis lýsingarorð, eða setningu og kennarinn safnað saman í orðaskjóðu sem heitir: Krítversk tónlist er ... Orðaskjóðuna væri hægt að hengja upp á vegg.

LAG Í GRÍSKUM STÍL

Höfundur: Ívar Sigurbergsson

♩ = 130

D Cm D Cm

D Cm D Gm F Cm

Gm Gm F Cm F Gm

Til upprifjunar

- Krít er stærsta eyja Grikklands.
- Grísk menning á upphaf sitt að rekja til Krítar sem býr yfir allt að 5000 ára menningarsögu.
- Krítversk tónlist hefur orðið fyrir áhrifum sem rekja má til mismunandi menningartímabila í sögu eyjarinnar.
- Krítversk tónlist er villt og ófyrirsjáanleg og ýmist í 7/8 eða 9/8 takti.
- Lýran er þekktasta hljóðfærið á Krít.
- Guðinn Seifur er sagður hafa fæðst á eyjunni Krít.
- Árið 1900 fann maður að nafni Arthur Evans hina fornu mínosku borg Knossos á eyjunni. Í Knossos fundust rústir stórrar hallar sem er talin hafa verið reist á tímabilinu 1700 til 1400 f.Kr.
- Árið 1905 fannst á eyjunni hinn frægi Festos-diskur sem er talinn vera frá því um 1700 f.Kr.
- Gríska lagið Zorba var samið á eyjunni Krít fyrir samnefnda kvikmynd sem var einnig kvikmynduð þar um slóðir.

Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um Krít

1. Lagið Zorba var samið á eyjunni Krít?
☐ Já
☐ Nei
2. Hvað heitir hin forna mínoska borg sem fannst á eyjunni Krít?
☐ Atlantis
☐ Sódóma
☐ Festos
☐ Knossos
3. Hvaða æðsti guð er sagður hafa fæðst á eyjunni Krít?
☐ Óðinn
☐ Seifur
☐ Þór
☐ Herkúles
4. Er krítversk tónlist undir áhrifum ólíkra menningarstrauma?
☐ Já
☐ Nei
5. Elsta skriflega heimild sem til er um grískt sönglag er frá því um
☐ 1000 eftir Krist
☐ 200 fyrir Krist
6. Krítversk tónlist er
☐ öguð og fyrirsjáanleg (eða skipulögð)
☐ villt og ófyrirsjáanleg
7. Krítversk tónlist er ýmist í 7/8 eða 9/8 takti
☐ Já
☐ Nei

8. Lýran

☐

leikur oftast aðal laglínuna

☐

gegnir oftast hlutverki undirleikshljóðfæris

9. Tambúrína er undirleikshljóðfæri

☐

Já

☐

Nei

10. Á helstu hátíð Krítverja

☐

má sjá heilu lýruhljómsveitirnar

☐

er ekki mikið um að lýran sé notuð

INDLAND

Inngangur

Indland býr yfir auðugri og fjölbreyttri menningararfleifð og er eitt af elstu siðmenningarríkjum heims. Tónlist Indverja kann að hljóma mjög framandi í eyrum íslenskra nemenda og sama má segja um hljóðfærin sem eru sum hver litskrúðug og skrautleg á að líta. Orð duga skammt þegar lýsa á indverskri tónlist og menningu en myndskleið og hljóð tala sínu máli. Á Indlandi ægir saman fjölda trúarbragða og á þessum vef hefur lítillaga verið tekið mið af því. Efnið gæti því vel nýst sem innlegg í kennslu í trúarbragðafræði þó svo indversk tónlist sé höfð í öndvegi.

Fróðleikur

Saga indverskrar tónlistar er talin vera sú elsta í heimi. Í fornum ritum, sem fjalla um indverskar listir, fær tónlistin oft sérstaka athygli sem göfugust allra lista, og er mannsröddin sögð miðla hinum tærustu og sönnustu tónum. Tvær meginstefnur eru í klassískri tónlist á Indlandi það er Norður-Indlandshefðin, *hindustani*, og Suður-Indlandshefðin, *karnatik*. Indversk tónlist byggir á tveimur mikilvægum stoðum, *raga* og *tal* en *raga* er laglínuform og *tal* er taktform. Á Indlandi er einnig að finna annars konar tónlist eins og þjóðlagatónlist, popptónlist, trúarlega rokktónlist og kvikmyndatónlist eins og Bollywood.

Tilhögun kennslu

Áhrifaríkt gæti verið að hefja kennsluna um Indland á því að skapa indverska stemningu og spila indverska tónlist. Einnig væri við hæfi að hengja upp veggspjöld eða hafa uppi við hluti sem tengjast Indlandi. Slíkt gæti virkað sem kveikja og auðveldað nemendum að tengjast umfjöllunarefninu.

Hér eru nokkrar spurningar sem kennari gæti byrjað á að varpa til nemenda:

- Hvað vitið þið um Indland?
- Hefur eitthvert ykkar farið á indverskan veitingastað?
- Hvernig er indverskur matur?
- Hvaða heimsálfu tilheyrir Indland?
- Hafið þið kynnst indversku fólki eða farið til Indlands?
- Hafið þið heyrt indverska tónlist eða vitið þið um eitthvert hljóðfæri sem er þaðan?

Því næst kynnir kennari vefinn um Indland fyrir nemendum. Á vefnum er kort af Indlandi sem sýna má nemendum en þar eru margir staðir sem hægt er að smella á og skoða nánar. Benda má á sögufræga staði eins og hina helgu borg Varanasi og hið helga fljót Ganges. Einnig má kynna þeim staði eins og borgina Agra, þar sem hin fræga Taj Mahal-höll er, og borgirnar Nýju-Delí, Mumbai og Kalkútta svo eitthvað sé nefnt.

Á vefsíðunni er að finna ýmiss konar ítarefni sem hægt væri að nýta ef um samþætta kennslu er að ræða í tengslum við trúarbragðafræði, landafræði eða samfélagsfræði.

Nemendur skoða sjálfir vefinn um Indland og vinna vefrallý en þar eiga þeir að svara

nokkrum spurningum um efni sem er að finna á vefsíðunni. Verkefnið geta þeir unnið sjálfstætt eða tveir til þrír saman. Þeir horfa svo saman á myndbút 1 sem fjallar almennt um Indland og gefur góða yfirsýn yfir land og þjóð. Honum fylgir svo verkefnablað sem nemendur gætu unnið síðar með því að horfa á myndbútinn aftur og svara spurningunum um leið og þeir horfa. Eftir að þeir hafa horft á myndbút 1 væri tilvalið að horfa næst á myndbút 4 sem sýnir og fjallar um indverskt brúðkaup sem er býsna áhugvert að fylgjast með og fræðast um. Í kjölfarið mætti gefa nemendum kost á því að tjá sig um efni myndarinnar.

Hér eru nokkrar spurningar sem hægt væri að varpa fram til nemenda eftir að þeir hafa horft á myndbútinn:

- Hverjir eru það sem ráða oft makavali? (Foreldrar brúðarinnar og/eða brúðgumans.)
- Hvað þurfa foreldrar brúðarinnar að borga með henni? (Heimanmund.)
- Hvernig er brúðurin skreytt fyrir brúðkaupið? (Hendur hennar eru skreyttar með henna.)
- Hvernig kemur brúðguminn til brúðkaupsins? (Hann kemur ríðandi á hesti.)
- Hvað er það kallað sem brúðurin klæðist? (Sarí.)
- Hvað kallast höfuðbúnaður karlanna? (Túrban.)
- Hverjar eru algengustu gjafirnar í indverskum brúðkaupum? (Gull, skartgripir og peningar.)

Að því búnu skoða nemendur og kennari síðuna **Indversk hljóðfæri** þar sem hægt er að sjá myndir af þeim, lesa um þau og hlusta á hvernig heyrist í þeim. Í beinu framhaldi væri áhugvert að horfa á myndbút 3 þar sem Steingrímur Guðmundsson spilar á og kynnir taflatrommur (Sýningartími er 7.03 mín.).

Þá er komið að því að nemendur horfi saman á myndbút 2 sem kynnir indverska tónlist. Myndbútnum fylgir verkefnablað sem nemendur geta unnið um leið og þeir horfa en gott er að láta þá horfa tvisvar á myndbútinn og svara blaðinu í síðara skiptið.

Í tengslum við síðuna **Indversk hljóðfæri** væri hægt að láta nemendur velja sér eitt hljóðfæri og skrifa um það og teikna. Þetta gæti verið einstaklings- eða tveggja manna verkefni. Nemendur gætu sett verkefnið í vinnubók eða unnið það á karton sem væri síðan hengt upp á vegg. Þá er tilvalið að láta nemendur kynna það hljóðfæri sem þeir völdu sér. Ef kennari vill láta kynna öll hljóðfærin sem eru á vefsíðunni getur hann skipt þeim á milli nemenda.

Undir tenglinum **Indversk tónlist** er vísað á nokkur myndskreið með indverskri tónlist og tilvalið að sýna bekknum eins og eitt eða tvö slík. Þegar nemendur hafa hlustað má biðja þá að segja hvað þeim finnst um þessa tónlist. Hver nemandi getur svo valið eitt orð, til dæmis lýsingarorð, eða setningu og kennarinn safnað saman í orðaskjóðu sem hann kallar: Indversk tónlist er ... Orðaskjóðuna má hengja upp á vegg.

Hljóðfæraleikur

Hér eru nótur af lagi í austurlenskum stíl sem nemendur geta æft sig að spila undir leiðsögn kennara.

LAG Í AUSTURLENSKUM STÍL

Höfundur: Ívar Sigurbergsson



Til upprifjunar

- Menning Indlands er ein sú elsta í heimi.
- Höfuðborg Indlands heitir Nýja-Delí.
- Indland er þekkt fyrir staði eins og Taj Mahal-höllina og Ganges-fljótið.
- Samkvæmt hindúasið fæðist einstaklingur inn í ákveðna ætt og á að gegna þeim skyldum sem henni tilheyra.
- Bindi er blettur sem hindúakonur hafa stundum á enninu. Bletturinn er oftast rauður og táknar yfirleitt að konan sé gift.
- Indverjar eru þekktir fyrir sína framandi tónlist og dansa og þá skipa trúarbrögð og heimspeki stóran sess í lífi þeirra.
- Þekktustu indversku hljóðfærin eru sítar og tabla trommur.
- Tvær meginstefnur eru í klassískri tónlist á Indlandi, það eru hindustani og karnatik.
- Indversk tónlist byggist á tveimur mikilvægum stoðum, raga og tal. Raga er laglínuform og tal er taktform.

Verkefni með myndbúti 1 sem fjallar um Indland

1. Skákin kemur frá Indlandi.

☐

Rétt

☐

Rangt

2. Indland er _____ stærsta land í heimi.

3. Þekktustu indversku hljóðfærin eru

☐

sítar og tabla

☐

tabla og gítar

4. Indland er

☐

fjölmennasta ríki heims

☐

annað fjölmennasta ríki heims

☐

þriðja fjölmennasta ríki heims

5. Ganges er mikilvægasta fljót Indlands.

☐

Rétt

☐

Rangt

6. Hvað heitir þjóðarfugl Indlands? Svar: _____

7. Flestir Indverjar aðhyllast

☐

islam

☐

kristna trú

☐

hindúasið

8. Höfuðborg Indlands heitir

☐

Nýja-Delí

☐

Mumbai

☐

Kalkútta

Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um indverska tónlist

1. Saga indverskrar tónlistar er talin vera sú _____ í heimi.
2. Tvær meginstefnur eru í klassískri tónlist á Indlandi. Þær eru
☐ hindustani og ganges
☐ hindustani og karnatik
☐ karnatik og tango
3. Karnatik-tónlistin í suðurhluta Indlands hefur haldist svo til ósnortin af utanaðkomandi áhrifum.
☐ Rétt
☐ Rangt
4. Tal er
☐ taktform
☐ laglínuform
5. Til er raga sem tengist ákveðnum tíma dags eða árs og trúna menn því að flutningurinn verði áhrifamestur ef hann á sér stað á _____
6. Í áranna rás hefur indversk tónlist fyrst og fremst varðveist
☐ skriflega
☐ í munnlegri geymd
7. Indverskir trommuleikarar _____ gjarnan fyrst það sem þeir ætla að spila.
8. Indversk tónlist byggir á frekar einföldu kerfi.
☐ Rétt
☐ Rangt
9. Hvað finnst þér um indverska tónlist eftir að hafa hlustað og fræðst um hana?

KÍNA

Inngangur

Þegar hljómur hljóðfærisins *gong* berst mönnum til eyrna er eins og hann hrífi hugann með sér á einu augabragði alla leið til Kína. Í kvikmyndum er ekki óalgengt að hljómur *gongs* sé notaður til að gefa til kynna hvar í heiminum sögupersónur myndarinnar eru staddar. En til þess að þessi hughrif verði þurfa áhorfendur að geta tengt hljóm hljóðfærisins við Kína. Eitt aðalmarkmið Landafræði tónlistarinnar er að nemendur nái að tengja tónlistina við það umhverfi sem hún er sprottin upp úr.

Margt í menningu Kínverja kann að virka framandi á íslenska nemendur en Kína hefur samt sem áður orðið fyrir vestrænum áhrifum á síðustu árum og því er daglegt líf þar ekki svo frábrugðið því sem gerist á Vesturlöndum. Kínverjar eru svo fjölmennir og sundurleitir að í raun má segja að í Kína búi margar þjóðir. Menning er því mismunandi eftir landshlutum en þó eru margir þættir sem eru ríkjandi í menningu og lífsstíl allra Kínverja. Í Landafræði tónlistarinnar er dvalið við þá þætti sérstaklega.

Fróðleikur

Kína býr yfir 5000 ára sögu og þar er eitt elsta menningarsamfélag heims en landið er jafnframt það þriðja stærsta í heimi. Kínversk menning og siðfræði er undir áhrifum konfúsíusarhyggju, taoisma, búddisma og þjóðtrúar. Kínversk tónlist á sér yfir þrjú þúsund ára sögu og eins og algengt er í kínverskri menningu þá er ákveðinn samhljómur milli tónlistar og náttúrunnar. Til þess að skilja betur kínverska tónlist er því nauðsynlegt að kynnast því umhverfi sem hún er sprottin upp úr.

Tilhögun kennslu

Áhrifaríkt gæti verið að hefja kennsluna um Kína á því að skapa kínverska stemningu og spila kínverska tónlist fyrir nemendur. Einnig væri við hæfi að hengja upp veggspjöld eða hafa uppi við hluti sem tengjast Kína. Slíkt gæti virkað sem kveikja og auðveldað nemendum að tengjast umfjöllunarefninu.

Hefja má kennsluna um Kína með því að varpa fram spurningum eins og til dæmis:

- Hvað vitið þið um Kína?
- Hafið þið borðað á kínverskum veitingastað?
- Hvernig er kínverskur matur?
- Haldið þið að það sé kínverskt sendiráð á Íslandi?
- Hafið þið heyrt kínverska tónlist?
- Þekkið þið einhver kínversk hljóðfæri?

Kennari kynnir vefinn um Kína fyrir nemendum. Á vefsíðunni er kort af Kína þar sem kennari getur valið nokkra athyglisverða staði til að að sýna nemendum. Þeim gæti til dæmis þótt áhugavert að fræðast um hina ómótstæðulegu pandabirni eða Gulufjöll sem tengjast myndinni Avatar.

Því næst væri tilvaldið að láta nemendur horfa saman á myndbút 1 þar sem fjallað er almennt um Kína. Þegar nemendur hafa horft á myndefnið mætti spyrja þá eftirfarandi spurninga:

- Nefnið þrjú atriði sem Kínverjar eru þekktir fyrir að hafa fundið upp. (Áttavitinn, byssupúðrið, prentlistin og pappírinn.)
- Í myndbútnum eru nefndar tvær myndir sem tengjast Kína. Hvaða myndir eru það? (Avatar og Kung Fu Panda.)
- Hversu mörg ríki eiga landamæri að Kína? Þið megið gjarnan telja upp eitthvað af þeim. (14 ríki: Víetnam, Laos, Búrma, Indland, Bhutan, Nepal, Pakistan, Afghanistan, Tadjikistan, Kirgizstan, Kazakstan, Rússland, Mongólía og Norður-Kórea.)
- Hvenær eru áramót í Kína? (Í lok janúar eða byrjun febrúar.)
- Hvernig er fatatískan í Kína? (Svipuð og á Vesturlöndum.)

Næst væri hægt að velja tengilinn **Sögustaðir** og hlusta til dæmis á frásögnina um *Grafhýsi Qin Shihuangdi* eða *Peking og fornboðnu borgina*. Nemendur horfa svo saman á myndbút 3 um Kínamúrinn. Í lokin mætti varpa fram þessum spurningum til nemenda:

- Hvað er talið að bygging múrsins hafi tekið langan tíma? (2000 ár með hléum.)
- Í hvaða landshluta er múrinn? Suður-, Vestur-, Norður- eða Austur-Kína? (Norður-Kína.)
- Hvaða þjóð voru Kínverjar aðallega að verjast þegar þeir byggðu múrinn? (Mongólum.)
- Hvað er talið að Kínamúrinn sér langur? (7300 km)
- Hvar er sá hluti múrsins sem flestir ferðamenn heimsækja? (Hjá höfuðborginni Peking.)

Áður en kennari sýnir nemendum myndbút 2 sem fjallar um kínverska tónlist er tilvalið að kynna fyrir þeim kínversk hljóðfæri með því að velja tengilinn **Hljóðfærin**. Þar er hægt að skoða, hlusta og lesa um hin ýmsu hljóðfæri sem mörg hver eiga sér afar langa sögu. Síðan horfa nemendur saman á myndbút 2 um kínverska tónlist.

Myndbútnum 1 og 2 fylgja verkefnablöð með spurningum sem nemendur geta svarað þegar þeir horfa á þá aftur.

Þá er komið að því að nemendur kynni sér efni vefsins einir eða tveir til þrír saman með því að fara í vefrallý um Kína. Hægt er að prenta út ef kennarar kjósa en svörin er að finna á læstu svæði kennara á vef Námsgagnastofnunar (www.nams.is). Þegar búið er að fara yfir rétt svör er tilvalið að láta nemendur hreinrita þau til að efnið festist betur.

Á síðunni er tengill sem heitir **Kínversk hljóðfæri** en þar geta nemendur lesið um og hlustað á öll helstu hljóðfæri sem notuð eru í kínverskri tónlist. Í tengslum við þessa síðu væri hægt að láta nemendur velja sér eitt hljóðfæri og skrifa um það og teikna. Þetta geta verið einstaklings- eða tveggja manna verkefni. Nemendur setja þá verkefnið í vinnubók eða vinna það á karton sem síðan er hengt upp á vegg. Þá er tilvalið að láta þá kynna það hljóðfæri sem þeir völdu sér. Ef kennari vill láta kynna öll hljóðfærin sem eru á vefsíðunni getur hann skipt þeim á milli nemenda.

Undir tenglinum **Kínversk tónlist** er vísað á nokkur myndskreið með kínverskri tónlist og tilvalið að sýna bekknum eitt eða tvö. Þegar nemendur hafa hlustað er hægt að biðja þá að segja hvað þeim finnst um þessa tónlist. Hver nemandi velur svo eitt orð, til dæmis lýsingarorð, eða setningu og kennari safnar öllu saman í orðaskjóðu sem getur heitið: Kínversk tónlist er ... Orðaskjóðuna má hengja upp á vegg.

Hljóðfæraleikur

Hér eru nótur af lagi í 5 tóna skala sem er nokkuð algengur í kínverskri tónlist. Lagið er í kínverskum anda og er hugsað fyrir klukkuspil, stafi og trommur þó svo önnur hljóðfæri komi einnig til greina. Laginu fylgir undirspil sem er að finna á vefsíðunni um Kína. Ef lagið er spilað með undirspili þá kemur fyrst forspil, laglínán spiluð fyrst tvisvar sinnum, millispil og laglínán spiluð aftur einu sinni.

LAG Í 5 TÓNA SKALA

Höfundur: Ívar Sigurbergsson



Til upprifjunar

- Kína er þriðja stærsta land í heimi og þar búa um 23 prósent af öllum íbúafjölda jarðarinnar.
- Kínverjar eru þekktir fyrir að hafa meðal annars fundið upp áttavítann, byssupúðrið, pappírinn og prentlistina.
- Í Kína eru vel þekktir staðir eins og Kínamúrinn, Forboðna borgin, Torg hins himneska friðar, borgirnar Hong Kong, Shanghai og höfuðborgin Peking.
- Vorhátíðin markar jafnframt upphaf nýs árs en áramótin í Kína hefjast með nýju tungli í upphafi febrúarmánaðar eða í lok janúar.
- Kínversk tónlist á sér yfir þrjú þúsund ára sögu og flest kínversk hljóðfæri eru afar gömul.
- Eins og algengt er í kínverskri menningu þá er ákveðinn samhljómur milli tónlistar og náttúrunnar.
- Klukkuspilsbjöllur voru mikilvæg ásláttarhljóðfæri í Kína til forna. Árið 1978 fundust í Kína 65 klukkuspilsbjöllur. Sumir tónlistarsérfræðingar telja að bjöllumnar séu álíka merkilegar og píramídarnir í Egyptalandi eða Kínamúrinn og tala um bjöllumnar sem „áttunda undur hins forna heims“.

Verkefni með myndbút 1 sem fjallar um Kína

1. Kínverjar eru þekktir fyrir að hafa fundið upp áttavítann, byssupúðrið, pappírinn og prentlistina.
☐ Rétt
☐ Rangt
2. Kínversk tónlist á sér yfir _____ ára sögu.
3. Hvað er Kína mörgum sinnum stærra en Ísland? _____
4. Að hve mörgum ríkjum liggja landamæri Kína? _____
5. Kínversk menning og siðfræði er undir áhrifum konfúsíusarhyggju, taoisma, _____ og þjóðtrúar.
6. Hátíðir skipa stóran sess í lífi Kínverja og er jólahátíðin mikilvægust þeirra.
☐ Rétt
☐ Rangt
7. Áramót í Kína hefjast
☐ í upphafi febrúarmánaðar eða í lok janúar
☐ í upphafi ágústmánaðar eða í lok júlí
8. Hvar í Kína lifa gamalar hefðir enn góðu lífi?
☐ Í Peking
☐ Upp til sveita
☐ Við Kínamúrinn
9. Þó svo að lífsmáti Kínverja sé orðinn mjög nútímalegur eru hefðbundin fjölskyldugildi enn mikilvæg hjá kínverskum fjölskyldum.
☐ Rétt
☐ Rangt
10. Hvað vakti sérstaka athygli þína í myndskreiðinu?

Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um kínverska tónlist

1. Árið 1986 grófu fornleifafræðingar upp 21 flautu úr beinum í þorpinu Jiahu. Hvað eru þær taldar vera gamlar?
☐ 3000 til 4000 ára gamlar
☐ 8000 til 9000 ára gamlar
2. Tónlistarmenn prófuðu flauturnar og komust að því að spilað væri á þær í
☐ 12 tóna skala
☐ 5 tóna skala
☐ kínverskum skala
3. Klukkuspilsbjöllurnar ásamt trommum voru mikilvæg og ráðandi hljóðfæri í Kína til forna.
☐ Rétt
☐ Rangt
4. Árið 1978 fundust klukkuspilsbjöllur í gróf Marquis Yi. Hvað voru þær margar?
Svar: _____
5. Sumir fræðimenn tala um að klukkuspilsbjöllurnar séu jafn merkar og
☐ Hallgrímskirkjurn
☐ Eiffeltúnninn í París
☐ Píramídarnir í Egyptalandi eða Kínamúrinn
6. Ci ljóðformið varð algengt í bókmenntum
☐ á tímum Song-ættarinnar (960–1279 e.Kr.)
☐ á stríðsríkjatímabilinu (475–221 f.Kr.)
7. Frá því á 20. öld hefur kínversk tónlist orðið fyrir áhrifum frá tónlist annarra landa.
☐ Rétt
☐ Rangt
8. Segðu frá því sem vakti athygli þína í myndskreiðinu.

SPÁNN – ANDALÚSÍA OG FLAMENCO-TÓNLIST

Inngangur

Spænsk menning er mörgum Íslendingum kunn því þangað hafa þeir leitað í sumarleyfum sínum. Því er ekki ósennilegt að einhverjir nemendur þekki til Spánar og því tilvalið að tengja umfjöllunina um landið við þá þekkingu þeirra. Þeir Íslendingar sem dvalið hafa við strendur Andalúsíu, sem er hérað í suðurhluta Spánar, hafa margir hverjir skoðað Alhambrahöllina í Granada, séð flamenco-sýningu eða jafnvel brugðið sér á nautaat. Í Andalúsíu er til dæmis að finna elsta knattspyrnuklúbb Spánar og einnig þann næst elsta sem heitir Sevilla og er mjög líklegt að einhverjir nemendur kannist við hann, sérstaklega þeir sem hafa áhuga á knattspyrnu. Víða í Andalúsíu má sjá leifar af menningu móranna sem réðu þar ríkið í nokkur hundruð ár eða þar til þeir voru hraktir á brott. Í því sambandi má nefna fjölda þorpa með hvítkölluðum húsum sem eru leifar af byggingarfleifð móranna.

Fróðleikur

Andalúsía er vagma flamenco-tónlistarinnar en sú tónlist er komin frá sígaunum sem settust að á Spáni á 15. öld. Ekki er vitað með vissu hvaðan sígaunarnir komu en talið er að þeir hafi jafnvel komið alla leið frá Indlandi því heyra má austræn áhrif í tónlist þeirra. Sígaunarnir lifðu á Spáni á meðal araba, gyðinga og kristinna utangarðsmanna og þróuðu sína eigin tónlist sem í dag er kölluð flamenco. Tónlist þeirra varð því til undir fjölmennarlegum áhrifum frá þeim menningarhópum sem þeir lifðu á meðal.

Tilhögun kennslu

Þar sem flestir Íslendingar þekkja eitthvað til Spánar og sumir nemendur hafa jafnvel ferðast þangað er ágætt að byrja á því að kanna þekkingu þeirra á Spáni. Nemendur gætu skrifað niður á blað það sem þeir vita um Spán eða kennari varpað fram spurningum til þeirra og skrifað upp á töflu.

Því næst kynnir kennari vefsíðuna um Spán með því að draga fram valin atriði sem hann telur vera til þess fallin að vekja áhuga nemenda. Nemendur horfa svo í sameiningu á myndbút 1 sem fjallar almennt um Andalúsíu. Þegar þeir hafa horft á myndbútinn mætti varpa fram þessum spurningum:

1. Hvaða nafn notuðu mórarnar yfir það landsvæði sem nú heitir Spánn? (Al-Andalus.)
2. Í Orce skammt frá Granada fundust leifar afar fornra mannabyggða. Hvað eru þær taldar vera gamlar? (1.5 milljón ára gamlar.)
3. Í hvaða umdæmi Andalúsíu er hin fræga marahöll Alhambra? (Granada.)
4. Nefnið einn frægan einstakling sem fæddur er í Andalúsíu? (Myndlistarmaðurinn Pablo Picasso, kvikmyndaleikarinn og söngvarinn Antonio Banderas og Paco de Lucía sem er einn fremsti flamenco-gítarleikari Spánar.)
5. Klukkan hvað borða Spánverjar kvöldverðinn sinn? (Margir Spánverjar borða á milli klukkan 10 og 11 á kvöldin.)

Í kennsluleiðbeiningunum er að finna verkefnablað með myndbúti 1 en þar eiga nemendur að svara spurningum sem tengjast efninu. Svörin er að finna á læstu svæði kennara á vef Námsgagnastofnunar (www.nams.is).

Á vefnum er kort af Andalusíu og getur kennari sýnt nemendum helstu staði og borgir í héraðinu með því að smella á þá. Á þeim stöðum sem eru merktir sérstaklega með gulum örvum er hægt að skoða ljósmyndir frá Andalusíu, til dæmis frá Granada og Alhambrahöllinni.

Því næst gæti kennarinn sýnt nemendum síðuna **Hljóðfærin** þar sem hægt er að lesa og heyra í hljóðfærum sem tengjast flamenco-tónlist. Nemendur horfa á myndbút 2 og fræðast um falmenco-tónlist og horfa á flamenco-listamenn sýna listir sínar. Myndbúti 2 fylgir verkefnablað með spurningum og er svörin að finna í kennsluleiðbeiningum. Í tengslum við þessa síðu er hægt að láta nemendur velja sér eitt hljóðfæri og skrifa um það og teikna. Þetta getur verið einstaklings- eða tveggja manna verkefni. Nemendur geta sett verkefnið í vinnubók eða unnið það á karton sem er síðan hengt upp á vegg. Þá er tilvalið að láta þá kynna það hljóðfæri sem þeir völdu sér.

Næst er hægt að horfa á myndbút 3 sem nefnist *Á ferð um Andalusíu* þar sem nemendur hlusta á flamenco-tónlist um leið og þeir horfa á myndskleið af Andalusíu.

Einnig er tilvalið að velja tengilinn **Flamenco-tónlist** og horfa á eitt eða tvö myndskleið með flamenco-tónlistarmönnum. Þegar nemendur hafa hlustað má láta þá segja hvað þeim finnst um þessa tónlist. Hver nemandi getur valið eitt orð, til dæmis lýsingarorð, eða setningu og kennari safnað öllu saman í orðaskjóðu sem hann kallar Flamenco tónlist er ... Orðaskjóðuna er hægt að hengja upp á vegg.

Nemendur kynna sér efni vefsins einstaklingslega eða tveir til þrír saman með því að fara í vefrallý um Spán en hægt er að prenta spurningarnar út ef kennarar kjósa. Svörin er að finna í kennsluleiðbeiningunum. Þegar búið er að fara yfir rétt svör er tilvalið að láta nemendur hreinrita svörin til að efnið festist betur.

Verkefni

Á síðunni **Flamenco-tónlist** eru nokkur dæmi sem sýna hvernig klappa á flamenco- taktana *soleares* og *siguiriyas*. Er vel við hæfi að láta nemendur klappa eftir þessum taktdæmum með þeim áherslum sem þar eru undirstrikaðar.

Hljóðfæraleikur

Hér eru nótur af einföldu lagi í flamenco-stíl sem nemendur geta æft á klukkuspil ásamt öðrum ásláttarhljóðfærum. Á vefnum um Spán er að finna undirspil fyrir þetta lag sem nemendur spila með þegar þeir eru búnir að ná valdi á laginu. Þá fylgja hljómar laginu ef einhverjir nemendur eru færir um að spila hljóma á gítar eða hljómborð.

LAG Í FLAMENCO-STÍL

Höfundur: Ívar Sjaurberasson

The musical notation is written on five staves in 12/4 time, with a tempo marking of ♩=120. The notes are quarter notes, and the chords are indicated by letters above the staves. The sequence of chords is E, F, E, F, E, am, G, F, E. The piece ends with a double bar line.

Til upprifjunar

- Andalusía er næststærsta hérað Spánar og þangað á flamenco-tónlistin rætur sínar að rekja.
- Alhambrahöllina í Granada er einn vinsælasti ferðamannastaður á Spáni.
- Uppruna nútíma gítarsins má rekja til Spánar á 16. öld.
- Ekta flamenco samanstendur af söng, dansi og gítar undirspili.
- Saga nautaatsins er nátengd sögu Spánar og má rekja uppruna þess til 711 e.Kr.
- Talið er að sígaunar hafi komið alla leið frá Indlandi til Spánar.
- Sígaunar þróuðu sína eigin tónlist sem í dag er kölluð flamenco. Tónlist þeirra varð því til undir fjölmennningarlegum áhrifum frá þeim menningarhópum sem þeir lifðu á meðal en þar fléttast saman menning sígauna, araba, gyðinga og kristinna utangarðsmanna.

Verkefni með myndbúti 1 sem fjallar um Andalúsíu

1. Frá hvaða héraði á Spáni kemur flamenco-tónlistin?

☐

Katalóníu

☐

Andalúsíu

☐

Kanaríeyjum

2. Spánn skiptist í 17 sjálfstjórnarhéruð.

☐

Rétt

☐

Rangt

3. Hvað heitir höfuðborg Spánar?

☐

Berlín

☐

Barcelona

☐

Madrid

4. Í Orce skammt frá Granada hafa fundist fornleifar sem taldar eru vera allt að ...

☐

5000 ára gamlar mannabyggðir

☐

1.5 milljón ára gamlar mannabyggðir

☐

2000 ára gamlar hallarrústir

5. Í hvaða bæ er að finna einn elsta nautaatsleikvang Spánar?

Svar: _____

6. Hver af eftirtöldum einstaklingum er einn fremsti flamenco-gítarleikari Spánar?

☐

Antonio Banderas

☐

Pablo Picasso

☐

Paco de Lucía

Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um flamenco

1. Talið er að sígaunarnir hafi komið frá
 - ☐ Túnis
 - ☐ Frakklandi
 - ☐ Indlandi
2. Flamenco-tónlist er komin frá sígaunum og varð til undir áhrifum frá þeim menningarhópum sem þeir lifðu á meðal.
 - ☐ Rétt
 - ☐ Rangt
3. Upphaflega var flamenco-tónlistin sungin án gítarundirleiks.
 - ☐ Rétt
 - ☐ Rangt
4. Upprunalega var takturinn í flamenco-tónlistinni mun hraðari en gerist í dag.
 - ☐ Rétt
 - ☐ Rangt
5. Tónlist sígaunanna var ekki kölluð flamenco fyrr en við upphaf
 - ☐ 15. aldar
 - ☐ 19. aldar
6. Ekta flamenco samanstendur af söng, dansi og _____
7. Kastanéttur tilheyrðu upphaflega
 - ☐ flamenco-dönsum
 - ☐ spænskum þjóðdönsum
 - ☐ arabískum þjóðdönsum

TÚNIS

Inngangur

Landið Túnis er við Miðjarðarhaf og liggur á milli Líbíu og Alsír. Túnisbúar eru þekktir fyrir þéttbýlistónlist sína sem gengur undir nafninu maluf en hún er nokkuð lýsandi fyrir arabíska tónlistarmenningu í N-Afríku. Maluf tónlistin í Túnis á rætur sínar að rekja til mára sem komu frá Andalúsíu á Spáni og fluttu með sér tónlist og menningu. Maluf tónlistin hefur orðið fyrir áhrifum frá ýmsum öðrum hópum innflytjenda sem sest hafa að í Túnis.

Fróðleikur

Í gengum aldirnar hefur verið mikill samgangur milli Norður-Afríku og Suður-Spánar. Árið 711 réðust múslimar frá Norður-Afríku inn í suðurhluta Spánar. Á aðeins sjö árum náðu þeir yfirráðum yfir mestöllum Pýreneaskaganum og réðu þar ríkjum til loka 15. aldar. Víða á Spáni má því sjá menningarlega arfleifð þeirra og þá sérstaklega í þeim hluta Spánar sem nefnist Andalúsía. Spænska flamenco- tónlistin er talin vera að hluta undir áhrifum frá tónlist araba sem komu frá N-Afríku. Þá er talið að maluf tónlistin hafi borist til Túnis með múslimum og gyðingum sem flýðu hin kristnu yfirráð á Spáni frá 12. og fram á 17. öld.

Skoða má á landakorti þau lönd sem liggja að Túnis en þau eiga margt sameiginlegt menningarlega séð en þar er múhameðstrú ríkjandi, tónlistin og hljóðfærin eru svipuð svo eitt-hvað sé nefnt.

Tilhögun kennslu

Í upphafi er áætlað að vita hvað nemendur vita um Túnis. Hefja mætti umræðuna með því að skrifa Túnis á töfluna og biðja þá að segja hvað þeir viti um landið. Ef í ljós kemur að nemendur vita lítið um Túnis er tilvalið að draga fram hversu áhugavert það sé að fá möguleika að kynnast einhverju nýju.

Kennari kynnir vefsíðuna um Túnis með því að draga fram valin atriði sem hann telur að vekji áhuga nemenda. Myndbúturinn um Túnis, þar sem fjallað er almennt um landið og túniska tónlist, er tilvalinn sem kveikja. Eftir að hafa horft á myndefnið er hægt að spyrja nemendur eftirfarandi spurninga:

- Hvar er Túnis? (Í N-Afríku við Miðjarðarhafið.)
- Hversu margir búa í Túnis? (Um 10 milljónir.)
- Hvaða tungumál talar flestir Túnisbúar? (Arabísku.)
- Hvaða tungumál er talað sem annað tungumál? (Franska.)
- Hvaða trúarbrögð eru ríkjandi í landinu? (98% Túnisbúa eru múslimar.)
- Hvað heitir höfuðborg Túnis? (Túnis.)
- Hvernig er túniski fáninn?



Myndefninu fylgir svo verkefnablað sem nemendur geta unnið síðar með því að horfa á myndbútinn aftur og svara spurningunum um leið og þeir horfa.

Nemendur kynna sér efni vefsins einslega eða tveir til þrír saman með því að fara í vefrallý

um Túnis sem er á vefnum og hægt er að prenta út ef kennarar kjósa. Svörin eru að finna á læstu svæði kennara á vef Námsgagnastofnunar (www.nams.is). Þegar búið er að fara yfir rétt svör er tilvalið að láta nemendur hreinrita þau til að efnið festist betur.

Á vefnum er að finna tengilinn **Kort af Túnis** en þar er hægt er að smella á nokkra áhugaverða staði, svo sem hina sögufrægu borg Karpagó og Matmata þar sem hluti Star Wars eða Stjörnustríðsmyndanna voru kvikmyndaðar. Undir Ítarefni er myndskaið sem gaman er að skoða en það sýnir atriði úr Star Wars sem kvikmyndað voru í eyðimörkum Túnis.

Á síðunni er tengill sem heitir **Túnisk hljóðfæri** en þar geta nemendur lesið um og hlustað á öll helstu hljóðfæri sem notuð eru í hefðbundinni túniskri þjóðlagatónlist. Í tengslum við þessa síðu er hægt að láta nemendur velja sér eitt hljóðfæri og skrifa um það og teikna. Þetta getur verið einstaklings- eða tveggja manna verkefni. Nemendur setja verkefnið í vinnubók eða vinna það á karton sem er síðan hengt upp á vegg. Þá er tilvalið að láta nemendur kynna það hljóðfæri sem þeir völdu sér. Ef kennari vill láta kynna öll hljóðfærin sem eru á vefsíðunni getur hann skipt þeim á milli nemenda.

Undir tenglinum **Túnisk tónlist** er einnig vísað á nokkur myndskaið og tilvalið að sýna bekknum eins og eitt eða tvö. Þegar nemendur hafa hlustað má biðja þá að segja hvað þeim finnst um þessa tónlist. Hver nemandi getur valið eitt orð, til dæmis lýsingarorð, eða setningu og kennari safnað öllu saman í orðaskjóðu sem heitir: Túnisk tónlist er ... Orðaskjóðuna er hægt að hengja upp á vegg.

Hljóðfæraleikur

Á vefnum um Túnis er að finna undirleik í arabískum takti við íslenska þjóðlagið Krummi svaf í klettagjá. Tilvalið er að láta nemendur fá tilfinningu fyrir arabískri tónlist með því að færa þetta þekkta þjóðlag í nýjan búning ættaðan frá N-Afríku.

KRUMMI SVAF Í KLETTAGJÁ

Íslenskt þjóðlag



Til upprifjunar

- Landið Túnis er í Norður-Afríku við Miðjarðarhaf og liggur á milli Líbíu og Alsír.
- Höfuðborg landsins heitir Túnis og stendur við rústir hinnar fornu borgar Karþagó.
- Hluti af Star Wars eða Stjörnustríðsmyndunum var kvikmyndaður í eyðimörkum Túnis.
- Túnisk tónlistarmenning skiptist í þéttbýlis- og dreifbýlistónlist.
- Túnis er þekktast fyrir þéttbýlistónlistina sem gengur undir nafninu maluf.
- Með márunum barst maluf tónlistin til Túnis en hún er ættuð frá Andalusíu sem er hérað á Spáni.
- Strengjahljóðfærið *ud* er túnisk lúta.

Verkefni með myndbúti um Túnis

1. Hvaða mynd var kvikmynduð í Túnis?

☐ Harry Potter

☐ Star Trek

☐ Star Wars

☐ Kung Fu Panda

2. Túnis er í Norður-Afríku.

☐ Rétt

☐ Rangt

3. Flestir Túnisbúar tala

☐ ensku

☐ spænsku

☐ arabísku

4. Hvað eru mörg prósent Túnisbúa múslimar?

☐ 98%

☐ 2%

☐ 50%

5. Með márunum barst maluf-tónlistin sem er ættuð frá:

☐ Grísku eyjunni Krít

☐ Líbíu

☐ Andalúsíu á Spáni

7. Túnisk tónlistarmenning skiptist í þéttbýlistónlist og dreifbýlistónlist.

☐ Rétt

☐ Rangt

TYRKLAND

Inngangur

Landfræðilega brúar Tyrkland bil á milli tveggja heimsálfa en fjölmennasta borg landsins Ístanbúl liggur bæði í Evrópu og Asíu. Þessi tengsl tveggja heimsálfa endurspeglast einnig í mannlífi og menningu landsins. Í tyrkneskri tónlist má greina evrópska og austurlenska strauma sem kveðast á og renna saman í eitt og mynda hinn sérstaka tyrkneska hljóð. Með því að kynnst tónlistarmenningu Tyrklands má læra margt um land og þjóð því tyrknesk tónlist endurspeglar það fjölskrúðuga mannlíf sem er að finna í landinu.

Fróðleikur

Tyrkland á sér langa sögu en þar er að finna eina elstu tilvist um mannabyggð sem vitað er um og talið er að rekja megi allt aftur til um 7000 f.Kr. Landið býr yfir langri menningarlegri sögu og þar eru fornar söguslóðir sem gaman er að fræðast um. Frásögnin af Trójuhestinum er t.d. mjög þekkt en Trója var borg til forna í Litlu-Asíu þar sem nú er Tyrkland. Fjallið Ararat er í Tyrklandi en í Biblíunni er talað um að örkin hans Nóa hafi strandað þar eftir flóðið mikla. Í Tyrklandi er einnig að finna borgina Gaziantep sem er ein af elstu borgum heims sem enn eru í byggð.

Tyrkland er Íslendingum ekki ókunnugt en í gegnum aldirnar höfum við gjarnan tengt Tyrki við Tyrkjaránið sem átti sér stað 1627. Þá var fjöldi Íslendinga rænt af sjóræningjum frá Alsír sem sigldu með þá til N-Afríku og seldu sem þræla. Þessir sjóræningjar hafa oftast verið kallaðir Tyrkir, sem er þó rangnefni, en á þessum tíma höfðu Tyrkir reyndar lagt undir sig alla Norður-Afríku. Í seinni tíð hafa margir Íslendingar lagt leið sína til Tyrklands í leit að sól og sælu eða til að ferðast og skoða fornfræga staði.

Tilhögun kennslu

Áður en kennsla hefst er gagnlegt að kennarar viði að sér hlutum sem tengjast Tyrklandi eins og tyrkneska fánanum eða mynd af honum, tyrknesku teppi, tyrkneskum hljóðfærum eða myndum frá Tyrklandi til að hengja upp á vegg og skapa þannig tyrkneska stemmningu í kennslustofunni. Kennarinn hefur kennsluna með því að spila myndband með tyrkneskri tónlist sem má finna undir tenglinum **Tyrknesk tónlist** en þar eru nokkur myndskreið sem hægt er að velja úr. Spyrja má nemendur eftirfarandi spurninga:

- Hvað vitið þið um Tyrkland?
- Hafið þið komið til Tyrklands?
- Þekkið þið eitthvert tyrkneskt lag?
- Hafið þið borðað tyrkneskan mat?
- Hvar er Tyrkland?
- Hvaða heimsálfu eða heimsálfum tilheyrir Tyrkland?

Því næst opnar kennarinn vefinn **Landafræði tónlistarinnar** og varpar honum upp á vegg

með skjávarpa eða snjalltöflu. Á forsíðu vefsins er heimskort með tenglum og þar er hægt að sjá hvar Tyrkland er staðsett og hvaða heimsálfum það tilheyrir. Til að skoða staðsetninguna nánar væri hægt að opna landakort eða vefforritið Google Earth.

Í framhaldi væri gagnlegt að láta nemendur horfa saman á **myndbút 1** sem fjallar almennt um Tyrkland. Þegar nemendur hafa lokið að horfa á myndefnið mætti spyrja þá eftirfarandi spurninga til upprifjunar:

- Hvað gerðist við fjallið Ararat samkvæmt Biblíunni?
- Hvað gerðist í Tyrkjaráninu?
- Hvaða trúarbrögð aðhyllast flestir Tyrkir?
- Fyrir hvað er Mustafa Kemal Atatürk þekktur?

Myndskeiðinu fylgir svo verkefnablað og er tilvalið að láta nemendur horfa aftur á myndbút 1 og svara spurningablaðinu. Svör við verkefnablaðinu er að finna á læstu svæði kennara á vef Námsgagnastofnunar. Á vefnum um Tyrkland er sögukort og gæti kennari kynnt fyrir nemendum áhugaverða staði eins og til dæmis Kappadóquíu. Þar er mikill fjöldi neðanjarðarborga sem eiga sér enga hliðstæðu í heiminum en staðurinn er á heimsminjaskrá UNESCO. Kennari getur látið nemendur hlusta í sameiningu á textann með því að velja hlusta á lestur. Þá er tilvalið að láta nemendur horfa á ljósmyndasýningu sem fylgir textanum meðan þeir hlusta. Neðst á síðunni um Kappadóquíu er áhugavert ítarefni sem vert er að skoða, eins og til dæmis kort af neðanjarðarborginni Derinkuyu og myndskeið um Kappadóquíu.

Undir **ítarefni** er áhugaverð umfjöllun um biskupinn Nikulás, sem talinn er forveri rauðklædda jólasveinsins, umfjöllun um Bláu moskuna, tyrkneskt kaffi, Maríu mey og söguna um Trójustríðið.

Nemendur geta síðan horft á **myndbút 2** sem gefur almenna yfirsýn yfir tyrkneska tónlist og sögu hennar. Myndskeiðinu fylgir verkefnablað og er tilvalið að láta nemendur horfa aftur á myndbút 2 og svara spurningablaðinu en svörin eru að finna á læstu svæði kennara. Æskilegt væri að gefa þeim kost á að tjá sig um efnið en í myndbútnum koma fyrir orð eins og *vestræn tónlist*, *vestræn og arabísk áhrif* sem nauðsynlegt gæti verið að útskýra því ekki er víst að nemendur viti eða skilji merkingu þessara orða.

Tilgangur með námsefninu *Landafræði tónlistarinnar* er ekki hvað síst að gera nemendur læsa á strauma og stefnur í tónlist og þjálf þá í að greina uppruna þeirra.

Næst liggur beinast við að velja tengilinn **Hljóðfærin** og skoða síðuna um tyrknesk hljóðfæri með nemendum. Á síðunni er hægt að leyfa nemendum að heyra hvernig hljóðfærin hljóma og lesa um þau. Í tengslum við þessa síðu væri hægt að láta nemendur velja sér eitt hljóðfæri og skrifa um það og teikna. Þetta gæti verið einstaklings- eða tveggja manna verkefni. Nemendur gætu sett verkefnið í vinnubók eða unnið það á karton sem væri síðan hengt upp á vegg. Þá er tilvalið að láta nemendur kynna það hljóðfæri sem þeir völdu sér. Ef kennari vill láta kynna öll hljóðfærin á vefsíðunni gæti hann skipt þeim á milli nemenda en þannig fengju þeir nokkuð góða heildarmynd af tyrkneskum hljóðfærum.

Næst horfa nemendur saman á **myndbút 3** um lífið í litlu tyrknesku sveitaborpi. Eftir að hafa horft á myndina gæti kennari beðið nemendur að skrifa eða tjá sig um hvað þeim finnst líkt og hvað ólíkt því sem þeir þekkja.

Með því að velja tengilinn **Tyrknesk tónlist** má finna ýmis áhugaverð tónlistarmyndbönd sem gæti verið áhugavert að sýna nemendum. Þess má geta að Tyrkir sigruðu í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 2003 með laginu *Everyway that I can* og árið eftir eða 2004 var keppnin svo haldin í Istanbul. Á síðunni er tengill sem vísar á myndband með tyrkneska laginu og gæti nemendum þótt áhugavert að horfa og hlusta á lagið. Eftir að hafa horft á myndbandið væri tilvalið að leyfa nemendum að tjá sig um lagið og tyrkneska tónlist almennt. Kennari gæti hafið umræðuna á því að spyrja nemendur hvort þeir greini austurlensk eða tyrknesk áhrif í laginu *Everyway that I can*.

Þá er komið að því að nemendur kynni sér sjálfir efnið á vefnum með því að fara í vefrallý. Nemendur leita að svörum sem þeir finna á vefnum um Tyrkland. Þeir geta unnið vefrallýið einstaklingslega eða tveir til þrír saman en þó er æskilegt að ekki séu fleiri en þrír saman. Spurningarnar í vefrallýinu er hægt að prenta út. Svörin er að finna á læstu svæði kennara undir tónmennt á vef Námsgagnastofnunar.

Hljóðfæraleikur

Vefnum fylgir tónlistarverkefni með nótum af laginu Anatólía þar sem nemendur geta æft sig að spilað á klukkuspil og önnur ásláttarhljóðfæri undir leiðsögn kennara. Nótunum fylgir undirspil þar sem greina má tyrknesk áhrif. Í laginu er til dæmis leikið á tyrkneska útgáfu af trommunni darbuka. Lagið spannar u.þ.b. eina og hálfa áttund eða frá c til g. Þar sem sum skólahljóðfæri hafa minna tónsvið þá fylgir einnig önnur útgáfa af nótunum þar sem laglínunni er hagrætt fyrir hljóðfæri sem spanna tónsviðið frá c til e. Nemendur geta svo velt því fyrir sér hvernig nafn lagsins tengist Tyrklandi.

Hér eru nótur af laginu:

ANATOLÍA

Höfundur: Ívar Sigurbergsson

am em dm E am

em dm E dm E

am dm G E

am dm G E

ANATOLÍA II

Nótur fyrir hljóðfæri sem spanna tónsviðið frá c til e.

am em dm E am

em dm E dm E

am dm G E

am dm G E

Til upprifjunar

- Tyrkland er bæði í Evrópu og Asíu. Um 97 prósent landsins eru í Asíu og þrjú prósent í Evrópu og skilur Bosporussund heimsálfurnar tvær að.
- Asíuhluti landsins er langur skagi sem nefnist Anatólía.
- Höfuðborg landsins heitir Ankara. Hin sögufræga borg Istanbúl er fjölmennasta borgin með yfir 3,9 milljónir íbúa (2012) og er hún ein af fjölmennustu borgum Evrópu.
- Lýðveldið Tyrkland var stofnað árið 1923 eftir uppreisn sem stjórnað var af Mustafa Kemal Atatürk en hann varð fyrsti forseti landsins.
- Til eru margar tegundir af tyrkneskri tónlist en stíltegundir eru mismunandi eftir svæðum.
- Tromman darbuka er áberandi hljóðfæri í tyrkneskri tónlist og er oft spilað á hana með miklum hraða til að kalla fram fjörugan takt.
- Hinn rauðklæddi jólasveinn á rætur sínar að rekja til sögulegrar persónu, heilags Nikuláasar, sem bjó í borginni Mýra í Tyrklandi á 4. öld e.Kr.

Verkefni með myndbúti 1 sem fjallar um Tyrkland

1. Margir ólíkir hópar hafa lagt sitt af mörkum til að skapa þá tónlist sem Tyrkland nútímans státar af.

☐

Rétt

☐

Rangt

2. Tyrkland tengir saman tvær heimsálfur. Hvaða heita þær?

☐

Evrópa og Afríka

☐

Asía og Ástralía

☐

Evrópa og Asía

1. Höfuðborg Tyrklands heitir

☐

Bodrum

☐

Ankara

☐

Istanbúl

2. Lýðveldið Tyrkland var stofnað árið _____

3. Flestir Tyrkir eru súnní-múslimar en 90% múslima í heiminum tilheyra þeim hópi.

☐

Rétt

☐

Rangt

4. Handknattleikur er vinsælasta íþróttin í Tyrklandi.

☐

Rétt

☐

Rangt

5. Hvað hét fyrsti forseti Tyrklands?

☐

Mustafa Kemal Atatürk

☐

Giuseppe Donizetti

☐

Konstantín

6. Segðu frá einhverju sem vakti athygli þína í þessari umfjöllun um Tyrkland.

Verkefni með myndbúti 2 sem fjallar um tyrkneska tónlist

1. Til eru margar tegundir af tyrkneskri tónlist en stíltegundir eru mismunandi eftir svæðum. Arabísk áhrif eru til dæmis meira áberandi í _____ landsins en í öðrum landshlutum.
2. Ólíkt vestrænni tónlist þá eru notaðir
☐ hálfþónar í klassískri tyrkneskri tónlist
☐ kvarttónar í klassískri tyrkneskri tónlist
☐ heiltónar í klassískri tyrkneskri tónlist
3. Tyrknesk klassísk tónlist er líflegri en staðbundin tyrknesk þjóðlagatónlist.
☐ Rétt
☐ Rangt
4. Turku sameinar ýmislegt úr hefðbundinni tyrkneskri tónlist og vestrænni tónlist.
☐ Rétt
☐ Rangt
5. Zeybek er sögulegur og kröftugur þjóðdans frá
☐ Izmir
☐ Istanbul
☐ Bursa
6. Á síðustu öld hefur tyrknesk tónlist orðið fyrir áhrifum frá
☐ afrískri tónlist
☐ indverskri tónlist
☐ vestrænni tónlist
7. Hvor tónlistarstefnan er vinsælli í Tyrklandi í dag?
☐ Popptónlist frá Ameríku og Evrópu
☐ Tyrknesk popptónlist

HEIMILDIR

- Aðalnámskrá grunnskóla. List- og verkgreinar. Drög til umsagnar. 2012. Reykjavík. Menntamálaráðneytið. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/namskrardrog> [Sótt 22. ágúst 2012].
- Aðalnámskrá grunnskóla. Upplýsinga- og tæknimennt. Drög til umsagnar. 2012. Reykjavík. Menntamálaráðneytið. <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/namskrardrog> [Sótt 22. ágúst 2012].
- Doolittle, Peter E. og Camp, William G. 1999. „Constructivism: The Career and Technical Education Perspective.“ Journal of Vocational and Technical Education. <http://scholar.lib.vt.edu/ejournals/JVTE/v16n1/doolittle.html> [Sótt 22. ágúst 2012].
- Starr, Linda. 1999. „Scavenger Hunts: Searching for Treasure on the Internet!“ Education World. http://www.education-world.com/a_curr/curr113.shtml [Sótt 12. mars 2012].
- Þórunn Óskarsdóttir. 2000. „Framkvæmd lausnarleitarnáms.“ Lausnarleitarnám – Problem-Based Learning. <http://www.pbl.is/framkvaemd.htm> [Sótt 23. ágúst 2012].